

Ed.

20. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Jónas Jónsson.

Á eftir „Amtsbókasafn Færeyja“ í 1. gr. laganna bætist: og háskólabókasafnið í Winnipeg.

Greinargerð.

Winnipeg er höfuðstaður Íslendinga í Vesturheimi. Þar eru 5—6 þúsund Íslendingar, og í nánd við borgina eru hinar stærstu og sögurikustu íslensku byggðir vestanhafs. Háskólinn í Winnipeg er nú og hlýtur jafnan að verða merkilegt íslenskt menntasetur. eru þar íslenskir kennarar og Íslendingar í stjórn háskólans. Er nú unnið að því með stórgjöfum og rausn af hálfu Íslendinga vestanhafs að safna í sjóð hálfri milljón króna til að standa um allar ókomnar aldir straum af vísindalegri kennslu í íslensku við þennan háskóla.

Aldurniginn maður í Winnipeg, Arnljótur Olson, hefir gefið Winnipeg-safninu aleigu sína, en það eru 2500 íslenskar bækur í prýðilegu bandi. Arnljótur sá er náskyldur Arnljóti Ólafssyni og sr. Rögnvaldi Péturssyni og kippir í kyn um þjóðrækni. Rektor Winnipeg-háskóla sagði við mig í sumar, að hann legði hina mestu áherzlu á, að kennsla í íslensku gæti byrjað þar sem fyrst, og væri hann í nánu sambandi við áhugamenn úr báðum íslensku kirkjufélögum, sem standa að fjársöfnun í hinn mikla móðurmálssjóð Íslendinga í Vesturheimi. Taldi rektor það ómetanlegan stuðning við málið, ef Alþingi vildi lögfesta, að allar nýjar bækur frá Íslandi kæmu í þetta safn, eigi síður en til Kaupmannahafnar. Væri þá réttilega haldið áfram góðu verki Arnljóts Olsons, sem gaf allt, sem hann átti, til viðhalds og verndar íslenskri menningu í Ameríku.

Þess er vænt, að frv. þetta verði samþykkt án þess að óskir um slík hlunnindi til safna á Íslandi verði látnar fylgja að þessu sinni.